



Félagslegar aðstæður pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir
Ásta Guðmundsdóttir
Ásdís A. Arnalds


Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Mars 2011

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)
ISBN 978-9935-9026-5-8
Útgáfuár: Mars, 2011
Útgáfustaður: Reykjavík
Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd
www.rbf.is


SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

- Flestar pólskar barnafjölskyldur í Reykjavík búa í Breiðholti (sjá mynd i).




Mynd i. Búseta þátttakenda eftir hverfum

- Meirihluti svarenda hafa iðn- eða starfsmenntun (55%) (sjá mynd ii). Menntun svarenda er ólík menntun reykvískra foreldra almennt, þar sem fleiri hafa lokið háskóla- eða framhaldsskólanámi en færri iðn- eða starfsnámi.




Mynd ii. Menntun þátttakenda

- Meðalheimilistekjur pólskra barnafjölskyldna eru 417 þúsund krónur á mánuði.
- Meirihluti þeirra fjölskyldna (58%) sem hafa minna en 300 þúsund í mánaðartekjur eru fjölskyldur einstæðra foreldra.
- Pólskar barnafjölskyldur sem eru búsettar í miðsvæðis í Reykjavík (352 þús.) og í Breiðholti (378 þús.) hafa lægri heimilistekjur en þær sem búsettar eru í Grafarvogi, Grafarholti, Norðlingaholti og Árbæ (460 þús.) og Kringlunni, Laugardal, Hlíðum, Fossvogi, Háaleiti og Skeifunni (475 þús.). Þeir þátttakendur sem tala íslensku vel hafa hærri heimilistekjur en þeir sem slakari kunnáttu hafa í íslensku.
- Mánaðarlegar heimilistekjur pólskra barnafjölskyldna eru 238 þúsund krónum lægri en meðalheimilistekjur almennings í Reykjavík (sjá mynd iii).
- Heimilistekjur kvenkyns svarenda eru lægri en karlkyns svarenda þar sem þær eru frekar einstæðar en þeir (sjá mynd iv).




Mynd iii. Heimilistekjur Reykvíkinga




Mynd iv. Heimilistekjur pólskra karla og kvenna

- Meirihluti þátttakenda hefur verið í vinnu síðustu þrjá mánuði (57%), 18% hefur hvorki verið í vinnu né námi, 10% í námi og 14% í vinnu og námi (sjá mynd v).
- Karlar (89%) eru frekar í vinnu og/eða námi en konur (77%).
- Hlutfall foreldra sem hvorki eru í vinnu né námi er hæst í Miðbæ, Austur- og Vesturbæ (21%).




Mynd v. Staða þátttakenda á vinnumarkaði

- Mikill meirihluti þátttakenda er í sambúð eða hjónabandi (86%) en einstæðir foreldrar eru 14% þátttakenda (sjá mynd vi).
- Um 60% þátttakenda eiga eitt barn en þriðjungur á tvö börn (sjá mynd vii) og eiga pólskir foreldrar færri börn að meðaltali en reykvískir foreldrar almennt.




Mynd vi. Hjúskaparstaða þátttakenda




Mynd vii. Fjöldi barna á framfæri þátttakenda

- Ríflega helmingur þátttakenda flutti til Íslands á árunum 2006 og 2007. Fjórðungur þeirra kvenna sem tóku þátt fluttust til Íslands 2008 eða síðar (sjá mynd viii).

- Hlutfallslega flestir þátttakendur (44%) segjast tala íslensku mjög eða frekar illa (sjá mynd x).



Mynd viii. Árafjöldi á Íslandi



Mynd x. Íslenskukunnátta þátttakenda

Stuðningur og félagsnet

- Um 58% þátttakenda hitta vini/ættlingja/vinnufélaga sér til ánægju vikulega eða oftar. Þeir sem eru í vinnu og/eða námi hitta vini oftar en þeir sem hvorki eru í vinnu né námi.
- Hlutfallslega flestir hitta aðallega vini/ættlingja af pólskum uppruna (60%) en 37% hitta álíka oft vini af íslenskum og pólskum uppruna. Um 3% þátttakenda hitta aðallega vini af íslenskum uppruna.
- Mikill meirihluti telur sig geta leitað til vina/ættlingja vanti þá aðstoð varðandi barnagæslu, heimilisstörf eða viðhald húsnæðis án þess að greiða fyrir það. Einstæðir foreldrar og þeir sem hafa lægri tekjur telja sig síður geta fengið slíka aðstoð en foreldrar í sambúð/hjónabandi og tekjuhærri foreldrar.
- Þátttakendur segjast helst myndu leita til aðila innan fjölskyldu ættu þeir í tilfinningalegum vanda. Einungis 5% myndu helst leita til prests og 3% til þjónustumiðstöðvar í hverfinu.
- Tæplega helmingur styður ættlingja í heimalandinu fjárhagslega. Staða á atvinnumarkaði og heimilistekjur virðast ekki skipta máli fyrir það hvort Pólverjar veiti ættlingjum í heimalandinu fjárhagslega aðstoð. Um 45% þeirra sem hvorki eru í vinnu né námi styðja ættlingja í heimalandinu og tæpur helmingur þeirra sem hefur heimilistekjur undir 200 þúsund krónum á mánuði styður ættlingja í heimalandi fjárhagslega.

Viðhorf til lífsins

- Pólsku þátttakendurnir eru almennt ánægðir með heimilislíf sitt. Ánægja með heimilislífið eykst með hærri tekjum, betri íslenskukunnáttu, fleiri börnum og hjúskap/sambúð.
- Í samanburði við almenning í Reykjavík eru Pólverjar ánægðari með heimilislíf sitt en aðrir Reykvíkingar með börn á framfæri.
- Pólsku þátttakendurnir eru almennt ánægðir með fjárhagslega afkomu heimilisins. Ríflega þriðjungur gaf fjárhagslegri afkomu sinni einkunn á bilinu 8 til 10 á mælistiku sem náði frá 1 til 10.

-
- Í samanburði við almenning í Reykjavík eru pólskir foreldrar síður ánægðir með fjárhagslega afkomu heimilis síns.
 - Pólskir foreldrar í Reykjavík eru almennt ánægðir með atvinnutækifæri sín. Um 39% gáfu fjárhagslegri afkomu sinni einkunn á bilinu 8 til 10 á mælistiku sem náði frá 1 til 10.
 - Mikill meirihluti þátttakenda er ánægður með húsnæðisaðstæður sínar. Tæplega þriðjungur gaf húsnæðisaðstæðum sínum einkunnina 10 af 10 mögulegum.
 - Pólverjar búsettir í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarvogi og Grafarholti eru ánægðari með húsnæðisaðstæður sínar en þeir sem búsettir eru annars staðar í Reykjavík.
 - Ánægja með húsnæðisastæður er einnig mikil meðal almennings í Reykjavík, en þó er almenningur dreifðari í afstöðu sinni til húsnæðisaðstæðnanna en pólsku foreldrarnir.
 - Nokkuð misjafnt var hversu ánægðir þátttakendur eru með starfsöryggi sitt. Um þriðjungur gaf starfsöryggi sínu einkunnina 9 eða 10 en jafnstór hópur gaf starfsöryggi sínu falleinkunn.
 - Almeningur í Reykjavík er ánægðari með starfsöryggi sitt en pólskir foreldrar.
 - Þátttakendur telja sig almennt hafa mikið valfrelsi og stjórn í lífi sínu og því hvernig þeim vegnar. Ríflega þriðjungur gaf valfrelsi sínu einkunnina 10 af 10 mögulegum.
 - Pólskir foreldrar í Reykjavík voru líklegri en aðrir foreldrar til að gefa valfrelsi sínu og stjórn einkunnina 10 af 10 mögulegum.

Íslandsdvölin

- Tæplega þriðjungur þátttakenda segist oft eða stundum hafa upplifað mismunun vegna þjóðernis síns hér á landi.
- Þriðjungur þátttakenda hafði ekki tekið ákvörðun um hversu lengi þeir ætluðu að búa á Íslandi þegar þeir komu hingað fyrst en 44% höfðu hug á að búa á Íslandi skemur en í 4 ár. Hærra hlutfall kvenna en karla ætlaði sér að vera á Íslandi í 4 ár eða lengur.
- Það var mat 78% þátttakenda að þeir ættu líklega eftir að búa á Íslandi eftir 5 ár. Þeir sem hafa minni menntun, eru eldri, eru í vinnu og/eða námi og telja sig tala íslensku frekar eða mjög vel eru líklegri til að vilja ílengjast á Íslandi en aðrir hópar.
- Nærri tveir af hverjum þremur hefur hug á að sækja um íslenskt ríkisfang. Þeir sem hærri hafa tekjur eru líklegri til að vilja sækja um íslenskan ríkisborgararétt en þátttakendur með lægri heimilistekjur.
- Ríflega fjórðungur segist hafa mjög eða frekar góðan skilning á íslensku. Konur telja sig hafa betri skilning á íslensku en karlar. Pólskir foreldrar sem búsettir eru í hverfi Árbæjar, Norðlingaholts, Grafarvogs og Grafarholts eru líklegri til að telja sig hafa góðan skilning á íslensku en þeir sem búsettir eru annars staðar í borginni. Pólskir foreldrar í Breiðholti hafa aftur á móti minnstan skilning á íslensku.

-
- Tæplega helmingur hafði nýtt sér þjónustu túlks á undangengnum 12 mánuðum. Tengsl eru milli notkunar á túlkþjónustu og menntunar. Fólk með háskólapróf (19%) hefur síður nýtt sér þjónustu túlks en fólk með grunnskólapróf (75%).

Aðstæður barna

- Aðeins 8% þátttakenda eiga barn á aldrinum 16-17 ára, 44% eiga barn á grunnskólaaldri og tveir af hverjum þremur eiga barn á aldrinum 0 til 5 ára.
- Flest barna á framhaldsskólaaldri eru í skóla (90%) og helmingur þeirra vinnur með námi.
- Um 90% foreldra sem eiga barn á framhaldsskólaaldri telja barnið geta tjáð sig frekar eða mjög vel á íslensku og hið sama á við um 88% foreldra sem eiga barn á grunnskólaaldri.
- Um 94% foreldra barna á framhaldsskólaaldri telja unglínginn standa frekar eða mjög vel að vígi í námi samanborið við jafnaldra. Sömu leiðis eru langflestir (89%) foreldra grunnskólabarna á þeirri skoðun að barninu vegni vel í námi.
- Foreldrar 16 og 17 ára barna telja allir að barninu líði frekar eða mjög vel í skólanum og það gera einnig 94% foreldra grunnskólabarna.
- Ríflega helmingur 16 og 17 ára barna og tvö af hverjum þremur sem eru á grunnskólaaldri taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.
- Algengast er að börnin hitti jafnaldra nokkrum sinnum í viku utan skóla eða vinnutíma.
- Um fjórðungur barna á framhaldsskólaaldri og 8% grunnskólabarna hitta aðallega jafnaldra af pólskum uppruna í frítíma sínum. Einungis eitt barnanna á framhaldsskólaaldri hittir aðallega jafnaldra af íslenskum uppruna en það gera 38% grunnskólabarnanna.
- Fjórðungur þátttakenda kveðst aldrei fylgjast með ástundun barna sinna í gegnum Mentor.
- Tveir af hverjum þremur nota frístundakortið í tengslum við frístundir barna sinna. Pólskir foreldrar í Breiðholti nota frístundakortið síst. Þeir sem búið hafa lengur á Íslandi og hafa betri íslensku kunnáttu nýta frístundakortið frekar en aðrir hópar.
- Tæplega helmingur á barn á leikskóla, álíka stór hópur á ungt barn sem er heima í umsjá foreldra á daginn, 12% eiga barn í vistun hjá dagforeldri og 6% eiga ungt barn sem er í umsjá ættingja eða vina á daginn. Börn foreldra sem búið hafa lengur á Íslandi og hafa betri íslenskukunnáttu eru frekar í leikskóla eða hjá dagforeldri en önnur börn.

Vinna og heimilisaðstæður

- Pólsku þátttakendurnir vinna að meðaltali 44 stunda langa vinnuviku. Vinnuvika karla er að meðaltali 6 klukkustundum lengri en vinnuvika kvenna. Þá vinna þeir sem búið hafa á Íslandi í tvö ár eða skemur styttri vinnuviku en þeir sem hafa dvalið lengur á Íslandi.

-
- Meirihluti þátttakenda (90%) segist eiga frekar eða mjög auðvelt með að taka sér frí frá vinnu til að sinna veikum börnum.
 - Meirihluti þátttakenda leigir húsnæði á almennum leigumarkaði en tæplega fjórðungur býr í eigin húsnæði. Einhleypir foreldrar eru frekar á leigumarkaði en foreldrar í sambúð eða hjónabandi.
 - Ríflega fjórðungur þátttakenda segist hafa skipt um húsnæði þrisvar sinnum eða oftár á undangengnum þremur árum, en 38% hafa aldrei skipt um húsnæði á tímabilinu. Helmingur þeirra sem hvorki eru í vinnu né námi hefur flutt þrisvar sinnum eða oftár á undangengnum þremur árum.
 - Í 11% tilvika búa aðrir en maki og börn á heimili þátttakenda.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	8
<i>Saga Pólverja á Íslandi</i>	9
<i>Lýðfræðilegar upplýsingar um Pólverja á Íslandi</i>	10
<i>Rannsóknir og rit um Pólverja á Íslandi</i>	13
Framkvæmd og heimtur	15
Úrvinnsla	16
Bakgrunnsupplýsingar	18
Niðurstöður	36
<i>Stuðningur og félagsnet</i>	36
<i>Viðhorf til lífsins</i>	46
<i>Íslandsdvölin</i>	58
<i>Aðstæður barna á framhaldsskólaaldri</i>	72
<i>Aðstæður barna á grunnskólaaldri</i>	77
<i>Aðstæður ungra barna</i>	91
<i>Vinna og heimilisaðstæður</i>	94
Heimildir	105
Viðauki 1	106
Viðauki 2	107

INNGANGUR

Evrópuárið 2010 var tileinkað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Fjöldi verkefnastyrkja var veittur til baráttunnar og hlaut Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (*hér eftir RBF*) styrk til að rannsaka félags- og efnahagslega stöðu pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík. Samstarfsaðili að verkefninu er Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða (*hér eftir Þjónustumiðstöðin*).

Forsaga verkefnisins er áhugi starfsmanna Þjónustumiðstöðvarinnar og RBF á pólskum börnum í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi. Því hafði verið spáð að fólk með erlent ríkisfang myndi flytjast í stríðum straumi af landi brott eftir hrunið, þá sérstaklega Pólverjar þar sem þeir voru í miklum meirihluta taldir farandverkamenn hér á landi (Guðný Björk Eydal og Guðbjörg Ottósdóttir, 2009). Þessi spá gekk ekki eftir eins og síðar verður vikið að. Í ljós kom að konur og börn voru stór hluti Pólverja sem búsettir voru á Íslandi. Það þótti því mikilvægt að afla vitneskju um aðstæður pólskra barnafjölskyldna hér á landi.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver væri félagsleg staða pólskra barna og fjölskyldna þeirra í Reykjavík. Spurt var um félagslega stöðu og líðan, uppruna og tungumálakunnáttu, aðstæður barnanna og persónulega hagi og þannig reynt að fá innsýn í tengsl fjölskyldnanna við nærsamfélag sitt annars vegar og heimaland sitt hins vegar. Vonast er til að niðurstöður leiði til hagnýtrar þekkingar sem að gagni getur komið fyrir stjórnvöld og þá sem starfa með börnum af erlendum uppruna ásamt því að bæta hag barnanna sjálfra. Lögð var megináhersla á að kortleggja félagslega stöðu hópsins, en í framhaldinu er vonast til þess að hægt verði að halda áfram með verkefnið og skoða hópinn nánar með tilliti til þjónustu borgarinnar og sýn hans á þjónustuna, þannig að verkefnið nýtist til að endurskoða skipulag þjónustu Reykjavíkurborgar og mögulega bæta þá þjónustu sem fyrir er við barnafjölskyldur af erlendum uppruna, s.s. í skólakerfinu, velferðarþjónustu, tómstundum og félagasamtökum. Einnig eru uppi áform um að vinna meistaraverkefni í félagsráðgjöf upp úr og út frá þeim gögnum sem hér hefur verið aflað.

Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta. Í inngangskaflanum er greint frá sögu Pólverja hér á landi, lýðfræðilegum upplýsingum um hópinn og helstu rannsóknum og ritum sem hafa verið unnin undanfarin ár með áherslu á pólska innflytjendur á Íslandi. Í öðrum hluta er greint frá framkvæmd og heimtum, því næst úrvinnslu gagna og þá bakgrunnsupplýsingum um svarendur. Í fimmta og síðasta hlutanum er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Niðurstöðunum er skipt niður í sjö þætti.

Saga Pólverja á Íslandi

Íslensk yfirvöld tóku á móti 26 pólskum flóttamönnum árið 1982 þegar sett voru herlög þar í landi (Velferðarráðuneyti, e.d.). Þess utan fór ekki að fjölga í hópi fólks af pólskum uppruna fyrr en upp úr níundaáratugnum eða jafnvel ekki fyrr en frá árinu 1995. Eftir árið 2006 hefur fjölgunin verið hröð (Hagstofa Íslands, e.d.).

Kári Gylfason gerði Nýsköpunarsjóðsverkefni námsmanna sumarið 2005 þar sem hann greindi frá sögu pólskra innflytjenda á Íslandi frá lokum áttunda áratugarins til þess dags. Auk þess sem Kári aflaði sér heimilda úr íbúaskrám á Íslandi, frá Hagstofu Íslands og gögnum Vinnuálastofnunar tók hann viðtöl við pólska innflytjendur á Íslandi og skráði niður stöðu þeirra, ástæðu flutnings til Íslands, væntingar til landsins, aðlögun þeirra og tengsl við Pólland. Hér verður lítillega fjallað um verkefnið í sögulegu samhengi.

Starfsmenn íslenskra útgerðafyrirtæka fóru í nokkrum mæli til Póllands í lok áttunda áratugarins og byrjun þess níunda og létu smíða skip eða breyta gömlum skipum í skipasmíðastöðvum þar í landi. Íslendingar komust þá í kynni við pólska starfsmenn skipasmíðastöðvanna og fengu til landsins talsvert af járníðnaðarmönnum, sem voru eftirsóttir hér á landi á þessum tíma. Allt fram á miðjan tíunda áratuginn voru hópar pólskra járníðnaðarmanna ráðnir til Íslands enda skortur á járníðnaðarmönnum á Íslandi mikill. Atvinnuleyfi Pólverjanna voru þó aldrei gefin út nema til sex mánaða í senn og oft aðeins til tveggja mánaða. Pólverjar ferðuðust því oft á milli landanna vegna leyfanna enda áttu þeir oft fjölskyldu í heimalandi sínu. Töluverð óánægja var hér á landi vegna þessara ráðninga enda vildi Félag járníðnaðarmanna frekar leysa skort á járníðnaðarmönnum með hækkun launa en erlendu vinnuafli. Mikill ávinningur var af því að komast í vinnu á Íslandi fyrir Pólverjana enda há laun hér á landi miðað við í Póllandi. Fólk gat margfaldað laun sín með slíkum uppgripum á Íslandi (Kári Gylfason, 2005).

Fjöldi Pólverja var nokkrum sveiflum háður á tíunda áratugnum enda hafði efnahagslægð í upphafi áratugarins þau áhrif að Pólverjum fækkaði hér á landi. Atvinnuleysi á Íslandi náði hámarki árið 1995 en þá tók að fjölga aftur í hópnum. Nær allir komu þeir til starfa í fiskvinnslu. Auðvelt var að fá fólk frá Póllandi í gegnum þá sem þegar voru hér. Eftir það hefur fjöldi pólskra innflytjenda á Íslandi farið vaxandi. Nú eru pólskir innflytjendur ráðnir til fjölbreyttari starfa en áður. Um 85% þeirra sem komu til Íslands árið 1991 störfuðu í fiskvinnslu, en hið sama átti við um innan við helming þeirra sem komu árið 2005. Þeim fjölgaði sem komu til starfa í byggingarvinnu og matvælaframleiðslu en færri komu til starfa í iðnaði og landbúnaði. Pólverjar komu á þessum tíma ýmist til tímabundinna starfa eða til fastrar búsetu (Kári Gylfason, 2005).


Tölur um uppruna fólks á vef Hagstofu Íslands ná aftur til ársins 1998. Það ár voru 735 Pólverjar á Íslandi og voru þeir næst fjölmennasti hópur innflytjenda á eftir Dönnum. Árið eftir, þ.e. 1999,

voru Pólverjar orðnir fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi eða 1.038 talsins og hafa verið það síðan (Hagstofa Íslands, e.d.).

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (*EES*) varð Ísland hluti af innri markaði Evrópusambandsins (*ESB*) sem felur m.a. í sér hið fjórþætta frelsi, þ.m.t. frjálsa för launafólks innan svæðisins. Íslensk stjórnvöld áskildu sér þá rétt til að vernda íslenskan vinnumarkað fyrir ójafnvægi vegna þess hve lítill og einhliða hann væri. Fólk þurfti enn að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi. Í maí árið 2004 gengu svo átta ný ríki í ESB, þar á meðal Pólland. Ísland sótti aftur um sérstakan aðlögunartíma og rann sá frestur út 1. maí 2006 (Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993).

Lýðfræðilegar upplýsingar um Pólverja á Íslandi

Eftir að Ísland opnaði fyrir ríkin átta fjölgaði mjög í hópi Pólverja hér á landi og hélt fjölgunin áfram á milli áráanna 2007 og 2009 þrátt fyrir spá um fólksflotta í kjölfar efnahagshrunsins. Pólverjum fækkaði svo árið 2010 eins og sjá má á mynd 1 (Hagstofa Íslands, e.d.). Hér eftir verður af ofangreindum ástæðum fjallað um fjölda Pólverja á Íslandi frá árinu 2006.




Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.

Mynd 1: Fjöldi Pólverja á Íslandi á árunum 2006 til 2010

Ef litið er til sögu pólskra innflytjenda má sjá skýrt merki um ólíka þróun fólksfjölda eftir kyni. Þegar járníðnaðarmenn komu til landsins frá Póllandi voru pólskir karlmenn fleiri en konurnar. Upp úr tíunda áratugnum fjölgaði pólskum konum mikið hér á landi sem komu til starfa hjá fiskvinnslufyrirtækjum (Kári Gylfason, 2005). Pólskar konur voru fleiri en karlarnir fram til ársins 2003 en þá var hafin uppsveifla í byggingariðnaði hér á landi og mikil þörf fyrir starfsfólk í karllæg störf. Síðan þá hafa karlmenn verið í meirihluta Pólverja á Íslandi. Athygli vekur þó að pólskum


karlmönnum fækkaði milli árána 2009 og 2010 á sama tíma og fjöldi pólskra kvenna stóð nokkurn veginn í stað (sjá mynd 2).



Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.

Mynd 2: Fjöldi Pólverja á Íslandi eftir kyni


Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur pólskum börnum fjölgað á Íslandi þrátt fyrir efnahagshrun (sjá mynd 3) og svo virðist sem þeim hafi fjölgað hlutfallslega meira en Pólverjum almennt (sjá mynd 4). Þetta gefur vísbendingar um aukna fjölskyldusameiningu og vekur upp spurningar um félagslega stöðu pólskra barnafjölskyldna.



Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.

Mynd 3: Fjöldi pólskra barna á Íslandi á árunum 2006 til 2010


Þegar skoðað er hlutfall pólskra barna af fjölda Pólverja almennt má sjá að hlutfall þeirra minnkaði verulega á mesta uppsveiflutímanum sem var hér á landi en hefur aukist eftir efnahagshrunið (sjá mynd 4). Skýringuna er ekki einungis að finna í því að hlutfall barna hækkaði eftir að pólskum karlmönnum fækkaði hlutfallslega meira en pólskum konum heldur hafa pólsk börn í auknum mæli flust hingað til lands á síðustu árum.



Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.

Mynd 4: Hlutfall pólskra barna af fjölda Pólverja á Íslandi

Þegar litið er að þá staðreynd að pólskum börnum hefur fjölgað vakna vissulega upp spurningar um hvort tíðni barneigna hafi aukist í hópi Pólverja hér á landi eða hvort eldri börn séu að flytjast til landsins. Á mynd 5 má sjá aldursskiptingu pólskra barna hér á landi eftir skólastigum.¹



Heimild: Hagstofa Íslands, e.d.

Mynd 5: Fjöldi pólskra barna á Íslandi eftir aldri

Eins og sést hefur orðið fjölgun í hópi pólskra barna á öllum aldurstigum þó hún sé mest í yngsta hópnum. Börnum á fyrsta aldursári fjölgaði úr 29 börnum árið 2006 í 247 börn árið 2010 og ef árganginum sem fæddist árið 2006 er fylgt eftir má sjá að fjögurra ára börn eru orðin 83

¹ Rétt er að benda á að aldursbil í hverjum hópi fyrir sig er misbreytt.

árið 2010. Þau börn sem voru sautján ára árið 2010 voru 47 talsins en þrettán ára börn aðeins 7 árið 2006, sem bendir til þess að aukningin hafi einnig verið mikil í þessum elsta aldurshópi barnanna (Hagstofa Íslands, e.d.).

Ofangreindar tölur bera þess skýr merki að fjölskyldusameining hafi átt sér stað í auknum mæli undanfarin ár, enda hefur börnum fjölgað hlutfallslega meira en konum. Sú staðreynd rennir stoðum undir grunsemdir þeirra sem lögðu upp með rannsóknina og vekur upp ýmsar spurningar um stöðu þessara barna. Þó ber að hafa í huga að líklega flytjast margir innflytjendur af landi brott án þess að tilkynna það sérstaklega til Þjóðskrár og því má gera ráð fyrir að rauntala brottfluttra sé hærri en tölur Hagstofu Íslands gefa til kynna (Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielinska, 2010).

Rannsóknir og rit um Pólverja á Íslandi

Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á fjölmeningarsamfélagi Íslands. Mirra – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunnar (*hér eftir MIRRA*) tók saman yfirlit yfir rannsóknir og rit sem unnin hafa verið á Íslandi eða fjalla um málefni tengd innflytjendum á Íslandi frá árinu 1982. Listinn var unninn sumarið 2009 og nær til þess tíma en allmörg verkefni hafa bæst við síðan. Í yfirlitinu eru 454 færslur og þar af sex verkefni með áherslu á Pólverja á Íslandi. Þrjú verkefni voru lokaverkefni úr grunnnámi (BA, BSc og B.Ed.), eitt lokaverkefni úr meistaranámi og eitt nýsköpunarsjóðsverkefni námsmanna. Verkefnin voru unnin á árunum 2005 til 2007 en þar að auki er þess getið að eitt doktorsverkefni um Pólverja á Íslandi sé í vinnslu. Í viðauka 1 er að finna lista yfir þessi verkefni. Á ofangreindu yfirliti má merkja aukningu í rannsóknum og ritun um fjölmeningarfræði í kringum aldamótin 2000 og virðist sem fjöldi verkefna hafi náð ákveðnum hæðum árið 2007 en þá voru unnin 90 verkefni (Rannsóknir og rit um málefni innflytjenda og íslenskt fjölmeningarsamfélag, 2009).

Eftir að yfirlitslisti MIRRA var gefin út hafa þó nokkur verkefni verið unnin og ósennilegt að hægt sé að greina frá þeim öllum. Helst ber þó að nefna viðhorfskönnun á innflytjendum á Íslandi sem lögð var fyrir árið 2008 og 2009. Markmið verkefnisins var að safna haldbærum upplýsingum um ýmsa þætti sem tengjast búsetu innflytjenda hér á landi. Spurt var um vinnu þeirra, menntun og reyngu, hvaða upplýsingar þeir hafa um réttindi sín og skyldur, hvort þeir nýta sér þjónustu sveitarfélaga eða verkalýðsfélaga, skólagöngu barna þeirra, þátttöku þeirra í félagsstarfi, tungumálakunnáttu og viðhorf til ýmissa málaflokka, svo nokkur atriði séu nefnd. Pólskir þátttakendur voru 42% af öllum þátttakendum rannsóknarinnar. Í ljós kom að fæstir Pólverjanna litu á Ísland sem sitt heimaland þó þeir hugsi sér áframhaldandi búsetu hér á landi. Pólskir foreldrar virtust þó duglegri en aðrir innflytjendahópar í því að tala ávallt móðurmál sitt við börnin sín. Íslenskukunnáttu þeirra virtist þó ábótavant en helmingur hópsins sagðist hafa slæman skilning á íslensku og þriðjungur sagðist lítið eða ekkert geta tjáð sig. Þrátt fyrir það voru Pólverjar sá hópur sem taldi íslenskunámskeiðin hafa nýst sér best en höfðu síst áhuga á því að

auka við sig menntun. Pólverjar tóku almennt ekki þátt í félagsstarfi með löndum sínum og yfir helmingur þeirra vissi ekki til þess að slíkur félagsskapur væri til. Margir tóku þó þátt í trúarstarfi (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009).

Þegar lítið er til innflytjendahópsins í heild, kom í ljós að frekar fáir höfðu nýtt sér þjónustu þjónustumiðstöðvanna í Reykjavík en þeir sem það höfðu gert voru frekar ánægðir með þjónustuna. Fjórðungur innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu taldi sig hafa þurft á þjónustu þar að halda, þ.m.t. Pólverjar en höfðu ekki sótt hana. Flestir báru því við að þeir hafi ekki vitað af þjónustunni og yfir helmingur nefndi skort á upplýsingum (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009). Þessi niðurstaða er í samræmi við umræðu á Fjölmenningsþinginu sem haldið var 6. nóvember 2010. Þar kom fram að þátttakendum á þinginu þætti skortur á upplýsingum um hvað íslensk velferðarþjónusta hefði upp á að bjóða. Bent var á að félagsþjónustan í Póllandi virkaði öðruvísi en á Íslandi, þar sem hún væri afgreiðslustofnun fyrir fátæka en þjónusta við almenning og að innflytjendur átti sig illa á hversu fjölbreytt þjónusta er í boði á þjónustumiðstöðvum borgarinnar (Hvað segja innflytjendur í Reykjavík?: Niðurstöður Fjölmenningsþings, 2011).

Þjónusta Reykjavíkurborgar var einnig umfjöllunarefni nýsköpunarsjóðsverkefnis Hugrúnar Guðmundsdóttur (2010). Helstu niðurstöður voru þær að mikið af efni um þjónustu Reykjavíkurborgar hefur verið þýtt á pólsku og svo virðist sem reynt sé eftir fremsta megni að veita hópnum viðeigandi samfélagsfræðslu. Þó virðist sem upplýsingaöflun á heimasíðu Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðvunum sé ábótavant og að gera þurfi átak í upplýsingamiðlun til pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík þar sem þær virðast lítið gera sér grein fyrir þeirri þjónustu sem er í boði.

Af ofangreindu má ljóst vera að töluvert hefur verið gert af því að rannsaka stöðu og viðhorf Pólverja á Íslandi. Þrátt fyrir fjölbreytta flóru rannsókna hefur ekki áður verið unnin meginleg rannsókn með áherslu á pólsk börn hér á landi. Eins og áður sagði var áhugi á lýðfræðilegri þróun Pólverja hér á landi og félagslegri stöðu barnanna kveikjan að rannsókninni. Vonast er til þess að þessi rannsókn verði upphafið að frekari rannsóknum á félagslegri stöðu pólskra barna í Reykjavík svo hægt verði að meta þjónustuþörf hópsins og aðlaga velferðarþjónustu borgarinnar að þörfum þeirra og væntingum.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Samkvæmt Þjóðskrá var 481 fjölskylda með barn undir 18 ára búsett í Reykjavík í desember 2010, þar sem a.m.k. annað foreldrið hafði pólskt ríkisfang. Þessar fjölskyldur fengu sent bréf, á pólsku, þar sem þeim var kynnt að senn færi í gang símakönnun, meðal pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík, sem hefði það að markmiði að bæta hag og aðstæður foreldra og barna af pólskum uppruna. Pólskumælandi spyrjar á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hringdu svo í þátttakendur dagana 17. desember 2010 til 5. janúar 2011. Í þeim tilvikum þar sem báðir foreldrar bjuggu á heimilinu var þátttakendum leyft að ráða hvort móðirin eða faðirinn sæti fyrir svörum.

Í könnuninni var meðal annars spurt um atvinnuþátttöku foreldra og félagsleg tengsl barna þeirra. Nokkrar spurninganna voru samdar sérstaklega fyrir rannsóknina, aðrar voru teknar úr *European Value Study*, fjölþjóðlegri könnun sem lögð var fyrir á Íslandi árið 2009 og loks hafði spurningalistinn að geyma nokkrar spurningar sem Félagsvísindastofnun HÍ lagði fyrir úrtak úr þjóðskrá í nóvember 2010. Spurningalistinn var unninn af RBF, Ásdísi A. Arnaldsdóttur, verkefnastjóra hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Ástu Guðmundsdóttur, félagsráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur og Hilmu Hólmfríði Sigurðardóttur, félagsráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða (sjá viðauka 2).

Af þeirri 481 fjölskyldu sem skráð var til heimilis í Reykjavík tóku 263 þátt í könnuninni. Svörun var því 54,7% (sjá töflu i). Ekki náðist í 11 manns þar sem þeir voru staddir erlendis, 57 fjölskyldur svöruðu ekki símanum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og ekkert símanúmer fannst á stóran hluta hópsins, eða 112 fjölskyldur (23%). Hugsanlegt er að einhver hluti þessa hóps sé fluttur úr landi án þess að hafa tilkynnt um flutning hjá Þjóðskrá.

Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	17. desember til 5. janúar 2011
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í þýði	481
Fjöldi svarenda	263
Svarhlutfall	55%

Af þeirri 481 fjölskyldu sem rannsóknin náði til, bjuggu bæði móðir og faðir á heimilinu í 341 tilfella en 140 voru fjölskyldur einstæðra foreldra. Yfirleitt var um að ræða einstæðar mæður, en í þýðinu voru 14 einstæðir feður. Fjölskyldugerð svarenda í könnuninni er ekki endilega lýsandi fyrir það sem gengur og gerist meðal pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík þar sem einungis 14% svarenda voru einstæðir foreldrar. Svarhlutfall meðal einstæðra foreldra var því einungis 26%. Á þessu er skýring. Þegar báðir foreldramir búa á heimilinu eru meiri líkur á að það finnst

símanúmer á skrá hjá a.m.k. öðru þeirra en þegar um eitt foreldri er að ræða. Þá eru einnig að jafnaði fleiri símanúmer á skrá hjá fjölskyldum sem samanstanda af tveimur foreldrum en einu. Þannig er hægt að hringja í önnur númer ef ekki næst í þátttakanda í einu númeri. Þrátt fyrir að hafa ekki náð vel til einstæðra foreldra var búseta svarenda lýsandi fyrir búsetu pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík (sjá töflu ii).

Tafla ii. Hlutfallsleg skipting fjölskyldugerðar og búsetu í þýðinu og meðal svarenda

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Svarhlutfall
Heild	481	100%	263	100%	55%
Fjölskyldugerð					
Einstætt foreldri	140	29%	37	14%	26%
Foreldrar í sambúð/hjónabandi	341	71%	226	86%	66%
Hverfi					
Miðbær, Austur- og Vesturbær	76	16%	39	15%	51%
Kringlan, Laugardalur, Hlíðar, Fossvogur, Háaleiti og Skeifan	143	30%	85	32%	59%
Breiðholt	172	36%	89	34%	52%
Árbær, Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	91	19%	50	19%	55%

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfraði sem viðeigandi er fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, hverfi, menntun, heimilistekjum, stöðu á vinnumarkaði, hjúskaparstöðu, fjölda barna, lengd búsetu á Íslandi og íslenskukunnáttu. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Á nokkrum stöðum eru svör í könnuninni borin saman við samskonar spurningar í öðrum könnunum. Kannanirnar sem um ræðir eru annars vegar símakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi í nóvember 2010² og hins vegar heimsóknarkönnunina

² Könnunin byggir á 1500 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 963 þátt í könnuninni og var nettó svarhlutfall 66,6%

European Value Study sem framkvæmd var á Íslandi árið 2009³. Til þess að geta borið niðurstöður úr þessum tveimur könnunum saman við niðurstöður úr könnun meðal pólska ríkisborgara í Reykjavík sem eiga barn undir 18 ára aldri, var einungis unnið með svör þeirra sem bjuggu í Reykjavík og kváðu börn undir 18 ára búa á heimilinu.⁴

Marktektarprófin t-próf og dreifigreining voru notuð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðaltölum mismunandi hópa en Kí-kvaðrat var notað til að greina mun á hlutföllum. Venja er að reikna marktektarpróf og vikmörk þegar draga á ályktanir um ákveðna eiginleika þýðis út frá upplýsingum sem fengust í úrtaki sem valið var með tilviljun úr þýðinu. z Marktektarprófin voru því einungis reiknuð til að auðvelda túlkun á niðurstöðum en ekki til að heimfæra niðurstöður yfir á stærri hóp. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Þegar marktektarpróf eru reiknuð fyrir úrtakskönnun þýðir ein stjarna að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í hópi svarenda sé einnig til staðar meðal þeirra sem ekki tóku þátt í könnuninni. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í nokkrum tölum er auk þess að finna skammstöfunina óg sem táknar að marktektarprófið hafi verið ógilt vegna fámennis í hópum.



³ Könnunin byggir á 1500 manna slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 807 þátt í könnuninni og var nettó svarhlutfall 56,8%

⁴ Þegar vitnað verður í almenning í Reykjavík hér eftir er átt við svarendur þessara samanburðarkannana og getur verið um íslenska sem erlenda ríkisborgara búsetta í Reykjavík að ræða.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR




Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfall svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir. Tafla 4 sýnir að meirihluti svarenda (59%) var konur.

Tafla 1. Kyn svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Karl	108	41%	5,9%	 41%
Kona	155	59%	5,9%	 59%
Fjöldi svara	263	100%		

Tafla 2 sýnir að hlutfallslega flestir svarenda voru á aldrinum 30 til 35 ára (41%).

Tafla 2. Aldursskipting svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
29 ára eða yngri	74	28%	5,4%	 28%
30 til 35 ára	108	41%	5,9%	 41%
36 ára og eldri	81	31%	5,6%	 31%
Fjöldi svara	263	100%		

Í töflu 3 er aldur svarenda greindur eftir öðrum bakgrunnsþáttum í könnuninni. Taflan sýnir að þátttakendur sem voru 36 ára og eldri höfðu síður lokið háskólanámi (16%) en yngri þátttakendur (42%). Þá áttu einungis 11% þeirra sem voru yngri en 30 ára tvö börn eða fleiri en hið sama átti við um 44% þeirra sem voru 30 ára eða eldri.

Tafla 3. Aldursskipting svarenda - bakgrunnsgreining





	29 ára eða yngri	30 til 35 ára	36 ára og eldri	Fjöldi svara
Heild	28%	41%	31%	263
Kyn				
Karl	24%	43%	33%	108
Kona	31%	40%	29%	155
Hverfi				
Miðbær, Austur- og Vesturbær	28%	46%	26%	39
Kringlan, Laugard., Hlíðar, Fossv., Háaleiti, Skeifan	22%	40%	38%	85
Breiðholt	33%	36%	31%	89
Árbær, Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	30%	48%	22%	50
Menntun*				
Grunnskólapróf eða minna	31%	38%	31%	16
Framhaldsskólapróf	30%	43%	27%	44
Starfs- eða iðnnám	22%	40%	38%	145
Nám á háskólastigi	42%	42%	16%	57
Heimilistekjur				
Undir 300 þúsund krónur	31%	36%	33%	36
300-499 þúsund krónur	38%	31%	31%	42
500 þúsund krónur eða hærr	24%	51%	25%	51
Staða á vinnuarkaði				
Í vinnu og/eða námi	28%	39%	33%	215
Hvorki í vinnu né námi	27%	50%	23%	48
Hjúskaparstaða				
Einhleyþ(ur), fraskilin(n) eða ekkja/ekkill	30%	38%	32%	37
Í sambúð eða hjónabandi	28%	42%	31%	226
Fjöldi barna***				
Eitt barn	39%	39%	22%	157
Fleiri en eitt barn	11%	44%	44%	106
Lengd búsetu á Íslandi				
Fimm ár eða lengur	19%	41%	40%	78
Þrjú til fjögur ár	30%	42%	28%	135
Tvö ár eða skemur	38%	40%	23%	48
Íslenskukunnátta				
Talar íslensku mjög/frekar vel	28%	36%	36%	47
Talar íslensku hvorki vel né illa	26%	39%	35%	100
Talar íslensku mjög/frekar illa	30%	45%	25%	116

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

ögögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Tafla 4 sýnir að hlutfallslega flestir svarendur voru búsettir í Breiðholti (34%) eða Kringlunni, Laugardal, Hlíðum, Fossvogi, Háaleiti eða Skeifunni (32%). Í töflu 5 er búseta svarenda greind eftir öðrum bakgrunnspáttum í könnuninni.

Tafla 4. Búseta svarenda eftir hverfum í Reykjavík

	Fjöldi	Vikmörk		Hlutfall
		Hlutfall	+/-	
Miðbær, Austur- og Vesturbær	39	15%	4,3%	 15%
Kringlan, Laugardalur og Hlíðar, Fossvogur, Háaleiti, Skeifan	85	32%	5,7%	 32%
Breiðholt	89	34%	5,7%	 34%
Árbær, Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	50	19%	4,7%	 19%
Fjöldi svara	263	100%		
Veit ekki	1			
Alls	263			

Tafla 5. Búseta svarenda eftir hverfum í Reykjavík – bakgrunnsgreining

	Miðbær, Austur- og Vesturbær	Laugardalur og Hlíðar, Fossvogur, Háaleiti, Skeifan	Breiðholt	Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	Fjöldi svara
Heild	15%	32%	34%	19%	263
Kyn					
Karl	15%	36%	32%	17%	108
Kona	15%	30%	35%	21%	155
Aldur					
29 ára og yngri	15%	26%	39%	20%	74
30 til 35 ára	17%	31%	30%	22%	108
36 ára og eldri	12%	40%	35%	14%	81
Menntun					
Grunnskólapróf eða minna	13%	38%	38%	13%	16
Framhaldsskólapróf	16%	34%	25%	25%	44
Starfs- eða iðnnám	15%	31%	38%	16%	145
Nám á háskólastigi	14%	33%	28%	25%	57
Heimilistekjur					
Undir 300 þúsund krónur	22%	22%	36%	19%	36
300-499 þúsund krónur	17%	21%	43%	19%	42
500 þúsund krónur eða hærrí	14%	37%	25%	24%	51
Staða á vinnumarkaði					
Í vinnu og/eða námi	14%	33%	34%	19%	215
Hvorki í vinnu né námi	17%	31%	33%	19%	48
Hjúskaparstaða					
Einhley p(ur), fráskilin(n) eða ekkja/ekkill	16%	27%	38%	19%	37
Í sambúð eða hjónabandi	15%	33%	33%	19%	226
Fjöldi barna					
Eitt barn	13%	35%	34%	18%	157
Tvö börn eða fleiri	18%	28%	33%	21%	106
Lengd búsetu á Íslandi					
Fimm ár eða lengur	15%	28%	32%	24%	78
Þrjú til fjögur ár	14%	37%	29%	20%	135
Tvö ár eða skemur	17%	27%	48%	8%	48
Íslenskukunnátta					
Talar íslensku mjög/frekar vel	11%	34%	28%	28%	47
Talar íslensku hvorki vel né illa	13%	29%	36%	22%	100
Talar íslensku mjög/frekar illa	18%	34%	34%	13%	116

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

⁰⁹gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Í töflu 6 er búseta pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík borin saman við búsetu reykvískra barnafjölskyldna almennt. Ríflega þriðjungur pólskra barnafjölskyldna bjó í Breiðholti, en hið sama átti við um einungis 14% foreldra í Reykjavík. Hlutfallslega flestir þátttakenda í könnuninni meðal almennings bjó í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarvogi og Grafarholti (39%) en á því svæði bjuggu 19% þátttakenda í könnuninni meðal Pólverja.

Tafla 6. Búseta eftir hverfum í Reykjavík – samanburður við almenning í Reykjavík

	Miðbær, Austur- og Vesturbær	Kringlan, Laugardalur, Hlíðar, Fossvogur, Háaleiti, Skeifan	Breiðholt	Árbær, Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	Fjöldi svara
Heild ***					
Pólverjar í Reykjavík	15%	32%	34%	19%	263
Almenningur í Reykjavík	17%	30%	14%	39%	140

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

i. Samanburður við könnun Félagsvísindastofnunar í nóvember 2010

Tafla 7 sýnir að yfir helmingur þátttakenda (55%) hafði lokið starfs- eða iðnnámi og tæplega fjórðungur (22%) hafði lokið námi á háskólastigi.

Tafla 7. Menntun svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Grunnskóli	16	6%	2,9%	6%
Framhaldsskólapróf	44	17%	4,5%	17%
Starfs- eða iðnnám	145	55%	6,0%	55%
Nám á háskólastigi	57	22%	5,0%	22%
Fjöldi svara	262	100%		
Veit ekki	1			
Alls	263			

Í töflu 8 er menntun þátttakenda greind eftir öðrum bakgrunnsþáttum í könnuninni. Um 72% karla hafði lokið starfs- eða iðnnámi en hið sama átti við um 44% kvenna. Þá hafði fólk úr elsta aldurshópnum (36 ára og eldri) frekar lokið starfs- eða iðnnámi (68%) en yngri þátttakendur (43-54%). Um þriðjungur (32%) þátttakenda 29 ára og yngri hafði lokið námi á háskólastigi en það höfðu einungis 11% þátttakenda 36 ára og eldri gert.

Tafla 8. Menntun svarenda – bakgrunnsgreining

	Grunnskóli	Framhalds skólapróf	Starfs- eða iðnnám	Nám á háskólastigi	Fjöldi svara
Heild	6%	17%	55%	22%	262
Kyn***					
Karl	6%	8%	72%	14%	108
Kona	6%	23%	44%	27%	154
Aldur*					
29 ára og yngri	7%	18%	43%	32%	74
30 til 35 ára	6%	18%	54%	22%	107
36 ára og eldri	6%	15%	68%	11%	81
Hverfi					
Miðbær, Austur- og Vesturbær	5%	18%	56%	21%	39
Kringlan, Laugard., Hlíðar, Fossv., Háaleiti, Skeifan	7%	18%	53%	22%	85
Breiðholt	7%	13%	63%	18%	88
Árbær, Norðlingaholt, Grafarvogur og Grafarholt	4%	22%	46%	28%	50
Heimilistekjur^{ög}					
Undir 300 þúsund krónur	11%	19%	50%	19%	36
300-499 þúsund krónur	5%	14%	52%	29%	42
500 þúsund krónur eða hærra	6%	14%	59%	22%	51
Staða á vinnumarkaði					
Í vinnu og/eða námi	7%	15%	57%	21%	214
Hvorki í vinnu né námi	4%	23%	46%	27%	48
Hjúskaparstaða					
Einhley p(ur), fráskilin(n) eða ekkja/ekkill	11%	22%	56%	11%	36
Í sambúð eða hjónabandi	5%	16%	55%	23%	226
Fjöldi barna					
Eitt barn	6%	17%	52%	25%	157
Tvö börn eða fleiri	7%	16%	61%	16%	105
Lengd búsetu á Íslandi					
Fimm ár eða lengur	8%	13%	60%	19%	78
Þrjú til fjögur ár	6%	17%	55%	22%	134
Tvö ár eða skemur	4%	23%	46%	27%	48
Íslenskukunnátta					
Talar íslensku mjög/frekar vel	2%	15%	60%	23%	47
Talar íslensku hvorki vel né illa	8%	17%	56%	19%	100
Talar íslensku mjög/frekar illa	6%	17%	53%	23%	115

Marktækur munur er á hópum; *p < 0.05, **p < 0.01, ***p < 0.001,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Í töflu 9 er menntun þátttakenda í könnuninni meðal Pólverja borin saman við menntun þátttakenda í könnun Félagsvísindastofnunar frá því í nóvember 2010. Yfir helmingur (55%) svarenda í könnun Félagsvísindastofnunar sem búsettir voru í Reykjavík og voru með börn á framfæri, hafði lokið háskólaprófi. Hið sama átti við um 22% svarenda í könnuninni meðal Pólverja. Aftur á móti voru Pólverjarnir líklegri til að hafa lokið starfs- eða verknámi (55%) en þátttakendur í könnuninni meðal almennings (16%).

Tafla 9. Menntun svarenda – samanburður við almenning í Reykjavík







	Grunnskólapróf	Starfsnám/verknám	Bóklegt framhaldsskólapróf	Háskólapróf	Fjöldi svara
Heild ***					
Pólverjar í Reykjavík	6%	55%	17%	22%	262
Almenningur í Reykjavík	15%	16%	14%	55%	139

Marktækur munur er á hópum; *p < 0.05, **p < 0.01, ***p < 0.001

i. Samanburður við könnun Félagsvísindastofnunar í nóvember 2010

Tafla 10 birtir dreifingu heimilistekna.

Tafla 10. Heimilistekjur svarenda (tekjur á mánuði, fyrir skatt)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Undir 200 þúsund krónur	14	11%	5,2%	 11%
200 til 299 þúsund krónur	24	18%	6,5%	 18%
300 til 399 þúsund krónur	22	17%	6,3%	 17%
400 til 499 þúsund krónur	22	17%	6,3%	 17%
500 til 599 þúsund krónur	26	20%	6,7%	 20%
600 þúsund krónur eða meira	25	19%	6,6%	 19%
Fjöldi svara	133	100%		
Veit ekki	91			
Neitar að svara	39			
Fjöldi svara	263			

Í töflu 11 eru heimilistekjur svarenda greindar eftir öðrum bakgrunnsþáttum í könnuninni. Karlar kváðu tekjur á heimili sínu vera hærri en konur. Það skýrist vafalaust af því meðal svarenda var stór hópur einstæðra mæðra. Sömuleiðis voru tekjur hærri á heimili svarenda sem voru í vinnu og/eða námi en þeirra sem voru hvorki í vinnu né námi. Þá þarf ekki að koma á óvart að heimilistekjur voru hærri hjá hjónum og sambúðarfólki en einhleypum, fráskildum og ekkjum/ekklum. Loks kom fram marktækur munur á tekjum eftir fjölda barna. Heimilistekjur voru lægri hjá svarendum sem áttu eitt barn en fleiri. Vera má að þetta samband skýrist af aldri svarenda, þar sem þátttakendur 29 ára og yngri voru bæði tekjulægri en eldri þátttakendur og einnig líklegri til að eiga einungis eitt barn. Þó ekki hafi komið fram tölfraðileg marktækt á heimilistekjum eftir búsetu er jafnframt athyglisvert að bera saman heimilistekjur þátttakenda eftir því hvar í Reykjavík þeir áttu lögheimili. Meðaltekjur þeirra sem bjuggu í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarvogi og Grafarholti (460 þúsund) og þeirra sem bjuggu í Kringlunni, Laugardal, Hlíðum,

